

Nýnemaferð árgangs 2004

MK 2021

Nýnemaferð árgangs 2004, verður í Vatnaskógi fimmtudaginn 2. september 2021. Nemendur mæta í skólann þann dag eftir stundatöflu.

Mæting í nýnemaferðina er kl. 16:00 í Orminum (rými fyrir framan bókasafn) og brottför er kl. 16:30. Áætluð heimkoma er um hádegisbil föstudaginn 3. september. Nemendur sem fara í ferðina eru með leyfi úr öllum kennslustundum þennan föstudag.

Nemendur eiga að sinna eigin persónulegu sóttvörnum. Við munum biðja alla sem fara í ferðina að þvo hendur reglulega og nota handspritt. Einnig er grímuskylda í rútum báðar leiðir. Ef nemandi er með einkenni eða er slappur, biðjum við hann um að koma ekki með í ferðina nema búið sé að fá staðfestingu í skimun að ekki sé um covidsmít að ræða.

Stjórn nemendafélagsins hefur umsjón með ferðinni, en auk þeirra verða starfsmenn skólans á staðnum. Farið verður í skemmtilega leiki og hópurinn fær sína nýnemaferð þó hún sé farin ári seinna.

Þeir sem ætla með í ferðina verða að skrá sig í ferðina [hér](#). Skráningu lýkur á hádegi (kl. 12:00) miðvikudaginn 1. september. Reglur um hámarksfjölda eru samkvæmt samkomutakmörkunum.

Ferðin kostar 3500 krónur og eru nemendur/forráðamenn beðnir um leggja upphæðina inn á reikn. 0536-26-4235 kt. 470576-2199 í síðasta lagi miðvikudaginn 1. september og setja nafn og kennitölu nemans í skýringu. Undirrituðu leyfisbréfi eiga nemendur að skila á skrifstofu skólans í síðasta lagi miðvikudaginn 1. september.

Til að skráning sé fullgild, þarf að vera búið að skrá nemanda í gegnum heimasíðu eða skráningarhlekk, skila leyfisbréfi og greiða fyrir ferðina.

Skólareglur gilda í ferðinni og er neysla áfengis, tóbaks, rafretta og annarra vímuefna stranglega bönnuð. Brot á skólareglum getur varðað brottvísun úr ferðinni. Vinsamlega ekki taka með hnetur vegna bráðaofnæmis.